

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, Grásteinn I.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að 1 ha athafnasvæðis í landi Grásteins I breytist í íbúðarsvæði. Stærð athafnasvæðisins er um 1,3 ha eftir breytinguna og merking þess breytist úr A3 í A2 í samræmi við töflu í greinargerð aðalskipulagsins. Á íbúðarsvæðinu er gert ráð fyrir allt að 5 lóðum. Aðkoma að svæðinu er sameiginleg aðkomu að Grásteini, frá Suðurlandsvegi.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*